

AUGLÝSING

um sameiningu Fróðárhrepps í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu við Ólafsvíkurkaupstað.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Fróðárhrepp í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvíkurkaupstað í eitt sveitarfélag. Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Ólafsvíkurkaupstaður.
2. Ólafsvíkurkaupstaður hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Fróðárhreppi og Ólafsvíkurkaupstað.
3. Íbúar Fróðárhrepps og Ólafsvíkurkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja Ólafsvíkurkaupstaðar.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Fróðárhreppi og Ólafsvíkurkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Fróðárhrepps skulu afhent Ólafsvíkurkaupstað til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Ólafsvíkurkaupstað í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Ólafsvíkurkaupstaðar. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um sameiningu Seyðisfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu við Seyðisfjarðarkaupstað.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Seyðisfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað í eitt sveitarfélag. Ákvörðun þessi byggir á tillögum nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir Seyðisfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað.
3. Íbúar Seyðisfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Seyðisfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn skulu afhent Seyðisfjarðarkaupstað til varðveislu.